


Titill Fwd: RE: Þingvallastræti 31
Frá Hrafnhildur Valdimarsdóttir <solland@simnet.is>
Til <tmj@tmj.is>
Dagsetning 2017-03-14 10:12



Titill RE: Þingvallastræti 31
Frá Arnar Guðmundsson <arnar@fastak.is>
Til Júlíana Sigurbjörg Jónsdóttir <solland@simnet.is>
Dagsetning 2017-01-25 09:04

Sæl Júlíana

Ég hef verið að reyna að rifja þetta upp og eftirfarandi er sett fram eftir bestu vitund og minni.

Tímasetningar eru kannski ekki alveg nákvæmar en þar sem um óformlega skoðun var að ræða eru ekki til nein gögn í okkar tölvukerfi sem vísa til þessa máls. Það var að því er mig minnir um veturinn eða undir vorið 2015 sem ég skoðaði Þingvallastræti 31 í fylgd tengdasonar þáverandi eiganda. Mér fannst húsið heilt yfir í mjög lélegu ástandi, augljóst að búið var að rétta af gólf hér og þar með misjöfnum árangri og lagfæra ýmis konar vankanta sem á því voru, innréttingar og gólfefni voru í lélegu ástandi. Ég skoðaði ekki þak hússins, burðarvirki þess enda heyrir þannig skoðun frekar undir sérfræðinga á því sviði s.s. aðila með menntun á sviði byggingarmála.

Mitt mat byggt á reynslu af sölu fasteigna og skoðun eigna því tengdu var hins vegar að húsið þarfnaðist mjög mikils viðhalds og væri ekki ýkja mikils virði. Tengdasonur eiganda spurði mig þá um verðhugmynd á húsinu í því ástandi sem það var í þá. Ef minni mitt svíkur mig ekki setti ég fram mjög lauslegt mat sem svaraði til u.þ.b. 6-7 milljóna, taldi ósennilegt að það væri mikið herra í ljósi ástands hússins og brýnnar þörf á viðgerðum.

Bestu kveðjur
Arnar Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
Fasteignasala Akureyrar
460-5151/773-5100
arnar@fastak.is

-----Original Message-----

From: Júlíana Sigurbjörg Jónsdóttir [mailto:solland@simnet.is]
Sent: Wednesday, January 18, 2017 10:22 AM
To: Arnar Guðmundsson <arnar@fastak.is>
Subject: Þingvallastræti 31

Góðan daginn Arnar, hvað segir þú gott í dag ?

Hefur þú átt einhvern möguleika að kíkja á að skrifa mér yfirlýsingu ?

Þetta er farið að liggja svo þungt á mér að fara að geta gengið í þetta leiðindar mál og ég væri svo þakklát ef þú vildir vera svo góður að hjálpa mér. :) Ég veit að yfirlýsing frá þér vegur þungt í mínu máli.

Bestu kveðjur

Júlíana Jónsdóttir
898-4188

YFIRLÝSING

Varðandi húsið Þingvallastræti 31 á Akureyri.

Við undirrituð, sem búum í því hverfi, sem Þingvallastræti 31 er, staðfestum hér með eftirfarandi:

Við erum vel kunnug staðháttum hér og við vitum, að mörg hús á þessu svæði eru illa farin. Húsin voru byggð á mýrlendi á sínum tíma og hafa því missigið og sprungið illa. Við vitum, að reynt hefur verið að bæta úr þessum göllum með lélegum árangri.

Við teljum, að þessir gallar á húsum hér hljóti að vera þekktir af öllum, sem fjalla um byggingarmál.

Akureyri 30⁵ 2016.

Gudmundur Karl Óskarsson
171055-5209 Þingv.

Hanna Jóna Guðmundsdóttir
020855-5689

Þorgerður Þorgerðsdóttir Þingv. 35

120626-2489

Eira Halls 300938-4189
Þingv. 33